

## Reglur Húnaþings vestra um veitingu launalausra leyfa

Umsókn um launalaust leyfi, studd fullnægjandi gögnum, skal send viðkomandi sviðsstjóra og sveitarstjóra til umfjöllunar. Eftirfarandi viðmiðunarreglur skulu hafðar að leiðarljósi.

### 1. gr.

Starfsmaður hafi unnið hjá sveitarfélaginu í a.m.k. 4 ár til að geta sótt um launalaust leyfi.

### 2. gr.

Leyfi skal að jafnaði ekki veitt til lengri tíma en 12 mánaða. Sama starfsmanni sé almennt ekki veitt endurtekið leyfi nema sérstakar fjölskylduástæður eða nám réttlæti það og hagsmunir sveitarfélagsins mæli ekki gegn því.

### 3. gr.

Launalaust leyfi skal aðeins veitt þegar til þess liggja ríkar ástæður, sem starfsmanni ber að tilgreina. Þær ástæður sem helst koma til álita eru, framlenging á fæðingarorlofi, leyfi til náms sem nýtist í starfi, sérstakar fjölskylduástæður eða annað sem metið er sambærilegt réttlætir launalaust leyfi.

### 4. gr.

Ef ráðinn er starfsmaður í stað þess sem veitt er launalaust leyfi, skal ganga skriflega frá því við ráðningu hans að hún sé til ákveðins tíma og sé slitið án uppsagnar.

### 5. gr.

Feli umsókn um launalaust leyfi í sér frávík frá verkreglum þessum skal leggja hana fyrir byggðarráð til endanlegrar afgreiðslu.

### 6. gr.

Reglur þessar rýra ekki áunnin eða umsaminn rétt starfsmanna sem þeir eiga á grundvelli kjarasamninga.

Samþykkt á 940. fundi byggðarráðs.

Staðfest á 285. fundi sveitarstjórnar.